



## Til landssambanda og aðildarféлага innan ASÍ

15. júní 2012.

### Efni: 40. þing ASÍ 17. – 19. október 2012

Sambandsþing Alþýðusambands Íslands verður haldið dagana 17. – 19. október nk. á Hótel Nordica, Reykjavík.

#### **Málefni fyrir þingið skv. ákvörðun miðstjórnar ASÍ**

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ákvað á fundi sínum 22. febrúar sl. að eftirfarandi málefni yrðu sérstaklega undirbúin af hennar hálfu fyrir sambandsþing ASÍ 2012:

- Atvinnumálin, og þeim tengd mennta- og vinnumarkaðsmál.
- Húsnæðismálin.
- Lífeyrismálin.

Þá var á fundi miðstjórnar 13. júní sl. ákveðið að tillögur að breytingum á lögum og reglugerðum ASÍ verði einnig til umfjöllunar á þinginu.

Samkvæmt ákvörðum miðstjórnar verður dagskrá þingsins þannig að fyrsta daginn eru framsögur og ávörp. Annan daginn verður málefnavinna í hópum byggð á þjóðfundarfyrirkomulagi. Þriðja daginn verða svo niðurstöður málefnavinnu kynntar og afgreiddar, kosningar o.fl.

Áður hefur miðstjórn ASÍ samþykkt það verklag vegna undirbúnings málefna fyrir þing ASÍ, að fyrir sumarleyfi miðstjórnar í júní liggi fyrir rammi varðandi efnistöð og umfjöllun um þau málefni sem miðstjórn undirbýr fyrir þingið, sem sendur verði út til aðildarsamtakanna.

Hjálagt fylgja umræðuskjöl vegna atvinnumálanna og húsnæðismálanna sem unnið voru af málefnavinnu ASÍ og samþykkt til útsendingar á fundi miðstjórnar 13. júní sl. Stefnt er að því að umræðuskjal vegna lífeyrismála verði afgreitt til útsendingar í miðstjórn fyrir lok næstu viku og það sent aðildarsamtökum ASÍ eins fljótt og kostur er.

#### **Málefni fyrir þingið frá aðildarsamtökum ASÍ**

Við viljum einnig nota tækifærið til að minna á 24. gr. laga ASÍ þar sem segir m.a.:

*„Mál þau og tillögur sem einstök aðildarsamtök óska að tekin verði fyrir á þinginu, skal senda miðstjórn 1 mánuði fyrir sambandsþing. Skal miðstjórn leggja mál þau og tillögur fyrir þingið, ásamt umsögn sinni.“*

**Hagnýt atriði**

Um flug vegna þingsins gilda sömu reglur og áður, þ.e. að formenn viðkomandi aðildarfélaga hafa heimild til að panta á reikning ASÍ flug vegna þingfulltrúa viðkomandi félags.

Um greiðslu kostnaðar vegna ferða þingfulltrúa fer að öðru leyti samkvæmt reglugerð ASÍ um það efni. Reglugerðin er á vef ASÍ [http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-99/156\\_read-641/](http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-99/156_read-641/)

Hvað varðar gistingu fyrir þingfulltrúa sem koma utan af landi er mikilvægt fyrir aðildarfélögin að ganga frá þeim þætti frekar fyrr en síðar. Af hálfu Alþýðusambandsins verður óskað tilboða frá nokkrum hótélum um verð á gistingu fyrir þau aðildarfélög sem vilja nýta sér það.

Þá er rétt að benda á að oft er hægt að fá góð tilboð á hótलगistingu á vefnum. Í því sambandi má benda á slóðirnar: <http://www.dohop.is>, og <http://www.hotels.com>.

Frekari upplýsingar um þau hagnýtu atriði sem hér hafa verið nefnd verða sendar til aðildarfélaganna í september n.k. ásamt frekari gögnum.

**Frekari upplýsingar – gögn á vefnum**

Á heimsíðu ASÍ [www.asi.is](http://www.asi.is) hefur verið settur sérstakur hnappur „40. þing ASÍ 2012“ þar sem hægt er að nálgast meðfylgjandi gögn og efni þeim tengdum. Þar verða einnig birtar frekari upplýsingar um þingið.

Virðingarfyllst,



Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Hjálagt fylgja:

- Drög að dagskrá sambandsþings ASÍ 2012
- Öflugt atvinnulíf, menntun við hæfi og góð störf: Umræðuskjöl til undirbúnings 40. þingi ASÍ 2012
- Húsnæðismál – grunnþáttur í velferð launafólks: Umræðuskjöl til undirbúnings 40. þingi ASÍ 2012
- Tillögur að breytingum á lögum og reglugerðum ASÍ